

GJALDSKRÁ
fyrir fráveitu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur ákveðið eftirfarandi gjöld fyrir þjónustu fráveitu:

Fráveituheimæðargjald, tengigjald við fráveitu í götu*.

<i>Þvermál lagnar DN</i>	<i>Heimæð** 0-10 metrar</i>	<i>Verð á metra umfram 10 m**</i>
Nýbyggingarsvæði 150 mm	384.565 kr.	42.730 kr.
Nýbyggingarsvæði 200 mm	447.502 kr.	49.725 kr.
Nýbyggingarsvæði 250 mm	514.890 kr.	57.210 kr.
Gróið svæði 150 mm	498.909 kr.	57.228 kr.
Gróið svæði 200 mm	570.668 kr.	65.425 kr.
Gróið svæði 250 mm	642.423 kr.	73.693 kr.

* Miðast við þvermál lagnar og lögn frá lóðamörkum að stofnræsi, sbr. 13. gr. laga nr. 9/2009.

** Innifalið er skólplögn og regnvatnslögn, efni og vinna.

Gjald vegna losunar rotþróa er 33.600 kr. pr. ár.

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert miðað við hækkun byggingarvísitölu.

Þegar leggja á skólplögn skal alltaf leggja regnvatnslögn með.

2. gr.

Fráveitugjald er lagt á fasteignir samanber 14. gr. laga nr. 9/2009 og nemur 0,093% af heildar-fasteignamatí íbúðarhúsnæðis og 0,116% af öðru húsnæði. Gjald dagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Tengigjald er greitt fyrir fram.

3. gr.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

4. gr.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýtttra lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarráði 28. nóvember 2024 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. desember 2024 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1453/2023.

Hafnarfirði, 16. desember 2024.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.